

Breif LÁ, St og DS
frá 25. júlí 1973

1

Við undirritaðir leyfum okkur að beina þeim tilmælum til hæstvirts menntamálaráðherra og hæstvirts háskólarektors, að þeir beiti sér fyrir því, að stofnað verði embætti stjarnfræðings. Sé það í tengslum við Háskóla Íslands og hafi stöðustig prófessors, þó með vorulega sérstöðu vegna margháttaðra starfa í almenningsþágu, sem slíkur embættismaður yrði að sinna. Markmiðið með stofnun þessa embættis sé að bata þá stöðu, sem stjarnfræði hefur nú í menntakerfi þjóðarinnar.

Sem verkefni þessa embættis "ríkisstjarnfræðings" nefnum við þessi efni, eftir því sem við verður komið:

- 1) Efling þekkingar og áhuga almennings á stjarnfræði.
- 2) Kennsla og umsjón með kennslu í stjarnfræði í B.S.-námi við Háskóla Íslands, og sé hún einkum miðuð við þarfir væntanlegra menntaskólakennara og stúdenta í landafræði og jarðfræði.
- 3) Upplýsingar fyrir fjölmiðla og fleiri.
- 4) Útgáfa almanaks eða umsjón með henni.
- 5) Ráðgjöf við stjórnvöld og fleiri um stjarnfræðileg efni, þar með taldir gervihnettir.
- 6) Samband við erlendar stofnanir og einstaklinga um stjarnfræðileg efni, einkum þau sem varða Ísland sérstaklega.

Stjarnfræði er gjarna talin elzt vísindagreina, en er jafnframt nú á dögum mjög virk grein, sem auk sérvísindalegra verkefna sinna hefur fjölþætt gildi í mennta- og haglífi þjóða, og má þar nefna þetta:

- 1) Menningarsögulegt gildi.
- 2) Hefðbundið hagrænt gildi (t.d. tímareikningur, staðar-ákvarðanir, sjávarföll).
- 3) Nútímalegt hagrænt gildi (gervihnettir til fjölmiðlunar og mælinga, geimferðir o.fl.).
- 4) Samvísindalegt gildi (áhrif á eðlis- og efnafræði o.fl.).

- 5) Heimsviðhorfs- og heimspekigildi.
- 6) Frétta- og fróðleiksgildi

Til þessa hefur ekki verið stutt að því með löggjöf, að stjarnfræðingur væri búsettur á Íslandi, og þótt Íslendingar virðist frá upphafi hafa haft áhuga á stjarnfræði til jafns við aðrar þjóðir, hafa aðeins örfáir menn af íslenzku bergi brotnir lokið háskólaprófi með stjarnfræði að aðalgrein. Atlum við, að til þessa dags hafi ekki nema 3 háskólamenntaðir stjarnfræðingar sezt að á Íslandi, og eru nú 2 á lífi, Trausti Einarsson prófessor og Þorsteinn Samundsson Ph.D. Hafa vísinda- og kennslustörf Trausta að mestu verið unnin í annarri grein, en Þorsteinn hefur fengið stöðu í jarðvísindastofu Raunvísindastofnunar Háskólans, með aðstöðu til að vinna að vissum stjarnfræðilegum verkefnum.

Hinsvegar hefur nokkur hópur stærðfræðinga og eðlisfræðinga numið stjarnfræði sem aukagrein, flestir a.m.k. við Kaupmannahafnarháskóla, samkvæmt námsskipun, sem lengi var fylgt. Gátu þessir menn þá annað stjarnfræðikennslu í menntaskólum.

Nú er svo komið, að íslenzkir stærð- og eðlisfræðingar munu flestir ljúka námi sínu við erlenda háskóla án þátttöku í stjarnfræði, og í B.S.-námi við Háskóla Íslands nú (og í B.A. námi þar áður) felst engin stjarnfræði.

Stjarnfræðikennsla menntaskólanna, sem er hin eina teljandi kennsla í greininni hér á landi, hefur á síðari árum verið eitthvað á reiki, jafnvel verið felld niður um sinn, en þá tekin fljótlega upp aftur. En að óbreyttu náms-efni verðandi kennara menntaskólastigsins blasir við skortur á mönnum, sem kennt geti stjarnfræði á því stigi.

Samkvæmt framansögðu virðist okkur svo mikið verk kalla að við kennslu, upplýsingu og ýmsa þjónustu í stjarnfræði, að tímabært sé að stofna embætti til að sinna því verki sérstaklega. Við teljum eðlilegt, að það embætti verði í tengslum við Háskóla Íslands, en að hin verulega sérstaða og jafnframt mikilvegi þess geri það nauðsynlegt, að því fylgi verulegt sjálfstæði, og teljum við heppilegt, að það komi með nokkrum hætti fram í nafni embættisins.

Að sjálfsögðu þarf að huga að því fyrirfram, hvort unnt muni að fá í slíkt embætti heppilegan mann. Okkur er ekki

kunnugt um neinn Íslending í stjarnfræðinámi nú, og hlyti því að verða vandræðalega löng bið eftir nýjum færum manni, eða nálægt áratug hið minnsta. Við álítum hinsvegar að áður-nefndir stjarnfræðingar séu hvor um sig vel hæfir til að gegna embættinu og þar sem þörfin er brýn fyrir "ríkisstjarnfræðing" ætti að stofna embættið sem allra fyrst.

Samkvæmt þeirri skoðun okkar, að núverandi ástand og horfur í stjarnfræðimenntun þjóðarinnar sé óviðunandi, leyfum við okkur að beiðast þess, að þér takið tillögu okkar til athugunar og afgreiðslu.

Reykjavík, 25. júlí 1973

Laifur Ásgeirsson

Sigurður Þórarinnsson

Þorbjörn Sigurgeirsson

Til háskólarektors.

samrit til menntamálaráðherra.